

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	11.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5801697249	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum. Áfram er opið frávik vegna takmörkunar aðgangs þar sem framkvæmdum er ekki lokið að fullu. Engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Orkugerðina í Flóahreppi. Rekstraraðili hefur heimild til framleiðslu á próteinmjöli og fitu úr allt að 14.000 tonnum af hráefni á ári. Starfsleyfið tók gildi 7. september 2022 og gildir til 13. desember 2035. Við eftirlit nú var farið yfir eftirfarandi atriði:

- Umfang starfseminnar
- Staða fráviks vegna takmörkunar aðgangs
- Mælingar á útblæstri og ósk um breytingar á mælingum
- Skoðunarferð

Orkugerðin tekur við aukaafurðum dýra og vinnur hráefnið, með hökkun og þrýstisæfingu, í kjötmjöli og fitu. Afurðirnar nýtast sem áburður og í lífdísselframleiðslu. Í verksmiðjunni hafa verið tveir sjóðarar til að vinna hráefnið en við eftirlit voru framkvæmdir í gangi þar sem verið var að bæta við þriðja sjóðaranum í nýrri viðbyggingu.

Við eftirlit 2022 kom fram frávik er varðar takmörkun aðgangs að athafnasvæðinu. Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum og eru nú allar girðingar í lagi. Ristarhlið sem var á vegamótum Hringveggar og Oddgeirshólavegar hefur verið fært norður fyrir athafnasvæði rekstraraðila, athafnsvæðið er því nú allt afgirt og takmörkun á aðgangi dýra inn á svæðið. Unnið er að því að koma upp bómuhlíði við innkeyrslu af Oddgeirshólavegi inn á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 6. febrúar 2023 eru verklok áætluð 1. júlí 2024. Frávikið helst opið þar til fullar úrbætur vegna þess hafa verið staðfestar í eftirliti.

Rekstraraðila ber að framkvæma mælingar á útblæstri árlega, sbr. gr. 3.5 og 4.2 í starfsleyfi. Mælt er sót og ryk, kolmónoxíð (CO) og köfnunarefnisoxíð sem (NO₂). Mælingar sem framkvæmdar voru í desember 2022 eru vel innan losunarmarka starfsleyfisins. Rekstraraðili hefur óskað eftir að dregið verði úr tíðni mælinga á útblæstri og er það til skoðunar hjá stofnuninni.

Rekstraraðila ber að skila Umhverfisstofnun ársyfirliti, sbr. gr. 4.1 og 4.4, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Fullnægjandi ársyfirlit barst ekki til stofnunarinnar fyrir árið 2022.

Umhverfisstofnun hafa borist lyktarkvartanir vegna starfseminnar. Fram kom í eftirliti að samhliða uppbyggingu vegna nýs sjóðara hyggst rekstraraðili koma upp vothreinsun á útblæstri frá verksmiðjunni, vonir standa til að slík hreinsun dragi enn frekar úr lykt frá verksmiðjunni.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna, kæligeymslur og athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili fór yfir þær framkvæmdir sem voru í gangi og hvaða plön væru til framtíðar.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Fullnægjandi skráningar bárust ekki vegna ársins 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2023



Sigríður Magnúsdóttir

